

Nd. **571. Frumvarp til laga** [272. mál]
um breytingu á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fulltrúar fiskiðnaðarins skulu taka sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. 1. mgr.:

1. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir frystar botnfiskafurðir, frystar síldarafurðir, frystar loðnuafurðir og frystar humarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga.
2. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir afurðir skeldýra, annarra en humars: Tveir menn eftir tilnefningu Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.
3. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir: Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.
4. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir afurðir síldar- og fiskimjölverksmiðja: Tveir menn eftir tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölframleiðenda.
5. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir skreiðarafurðir: Tveir menn eftir sameiginlegri tilnefningu útflytjenda skreiðarafurða.
6. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir saltsíldarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.

Verði ekki samkomulag um tilnefningu þar sem tveir eða fleiri standa að sameiginlegri tilnefningu er ráðherra heimilt að skipa hvern sem er úr þeim hópi sem tillögur koma fram um.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hver framleiðandi fiskafurða, sem fluttar eru úr landi, skal hafa sérreikning hjá Verðjöfnunarsjóði fyrir hverja tegund fiskafurða sem hann framleiðir.

Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs. Framleiðandi getur mælt svo fyrir að innstæða á sérreikningi hans hjá Verðjöfnunarsjóði skuli ávöxtuð á sérstökum reikningi í tilteknum banka eða sparisjóði, en að öðrum kosti skulu innstæður á sérreikningum ávaxtaðar í Seðlabanka Íslands í samráði við stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Ávaxta skal innstæður á sérreikningum annaðhvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Heimilt er þeim sem hefur innstæðu á sérreikningi til ávöxtunar í erlendum gjaldeyri að lána jafnvirði slíkrar innstæðu með þeim lánskjörum að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Um vexti af þessum lánnum, svo og önnur lánskjör, skal fara samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Innstæða hjá Verðjöfnunarsjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á sérreikningi framleiðanda.

Eiganda innstæðu hjá Verðjöfnunarsjóði er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Nú verður eigandi innstæðu gjaldþrota og rennur þá innstæðan til þrotabús hans.

Nú hættir eigandi innstæðu hjá Verðjöfnunarsjóði framleiðslu fiskafurða til útflutnings og skal innstæðan þá vera honum laus til ráðstöfunar er 12 mánuðir eru liðnir frá því að síðustu fiskafurðir hans voru fluttar út.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur inn á sérreikninga hjá Verðjöfnunarsjóði og gengis- og verðbóta- og vaxtatekjur af innstæðum á slíkum reikningum skulu undanþegnar tekju- og eignarskatti. Útgreiðslur af sérreikningum skulu taldar með tekjum framleiðanda á því ári sem útgreiðslur til hans eiga sér stað.

5. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Renna tekjur þessar inn á sérreikning viðkomandi framleiðanda hjá sjóðnum.

6. gr.

Síðari málsliður 8. gr. laganna orðast svo: Verðbætur skulu þó aldrei nema meira en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram innstæðu hvers framleiðanda á sérreikningi hans hjá Verðjöfnunarsjóði vegna viðkomandi afurðar þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Í stað „1. mgr. 5. gr.“ og „6. gr.“ 10. gr. laganna komi: 1. mgr. 7. gr. og 8. gr.

8. gr.

Síðari málsliður 12. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipta skal eignum Verðjöfnunarsjóðs, sem fyrir hendi eru við gildistöku laga þessara, milli þeirra framleiðenda fiskafurða sem greitt hafa í sjóðinn frá 1. janúar 1985 í þeim hlutföllum sem framreiknaðar greiðslur hvers og eins hafa numið af heildargreiðslum á þessu tímabili. Skal þannig fundin inneign hvers framleiðanda lögð inn á sérreikning hans hjá Verðjöfnunarsjóði sem stofnaður verður samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur tiltekinn framleiðandi greitt í Verðjöfnunarsjóð vegna fleiri en einnar fiskafurðar og skal þá skipta inneign hans samkvæmt framangreindu á sérreikninga hans fyrir viðkomandi fiskafurðir í sömu hlutföllum og nemur hlutfallslegri innbyrðis skiptingu greiðslna hans til Verðjöfnunarsjóðs á umræddu tímabili vegna viðkomandi afurða.

Nú framleiðir einhver framleiðandi fiskafurða ekki lengur tiltekna fiskafurð og skal þá samkvæmt ósk hans heimilt að láta inneign hans vegna þeirrar fiskafurðar ganga inn á sérreikning hans sem stofnaður er vegna annarrar fiskafurðar.

Sé einhver framleiðandi alfarið hættur rekstri skal hann sækja um endurgreiðslu á innstæðu sinni áður en 12 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara.

Innstæður, sem myndast hafa vegna frystingar á endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti, skulu greiddar út eftir sömu reglum og uppsafnaður söluskattur hefur verið endurgreiddur.

Sé af einhverjum ástæðum ekki unnt að rekja innstæðu í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til tiltekins greiðanda í sjóðinn eða hafi innstæðu ekki verið vitjað af framleiðanda sem hættur er rekstri skulu þeir fjármunir renna til framfaramála í sjávarútvegi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er fyrst og fremst að breyta núverandi fyrirkomulagi verðjöfnunar í fiskiðnaði þannig að hún miðist við einstök fyrirtæki, en sé ekki sameiginleg fyrir heilar greinar eins og nú er. Með frumvarpinu er aðild hagsmunaaðila að stjórn Verðjöfnunarsjóðs breytt og gert ráð fyrir því að hvert fyrirtæki um sig geti ákveðið að innstæða þess sé ávöxtuð á sérstökum reikningi í banka eða sparisjóði að eigin vali. Að öðru leyti er núgildandi lögum lítið breytt með frumvarpinu, m.a. yrði innheimtukerfi sjóðsins með sama hætti og verið hefur.

Verðjöfnun í íslenskum sjávarútvegi í einhverri mynd á sér langa sögu. Árið 1967 varð, sem kunnugt er, mikið verðfall á sjávarafurðum á íslenskum útflutningsmörkuðum samfara miklum aflasamdrætti. Þá var sem oftast áður horfið að því ráði að ríkissjóður ábyrgðist ákveðið lágmarksverð á afurðunum. Ríkissjóður lagði þá fram í þessu skyni 140 millj. kr., en þá var jafnframt ákveðið að stofnaður skyldi Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og var svo gert með lögum nr. 72/1969. Í þessum lögum var hlutverk sjóðsins skilgreint almennum orðum „... að draga úr áhrifum verðsveiflna sem kunna að verða á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins“. Aðalatriði þessara laga hafa staðið lítt breytt síðan.

Meginrökkin fyrir verðjöfnun í sjávarútvegi hafa einkum verið af tvennum toga. Annars vegar hafa legið að baki þau sjónarmið að stuðla þurfi að efnahagslegum stöðugleika með því að takmarka innstreymi peninga í efnahagslífið þegar vel gengur í sjávarútvegi og auka peningastreymi fremur þegar verr árar. Hins vegar er það sjónarmið að fyrirtæki í sjávarútvegi eigi örðugt með að laga sig að breyttum aðstæðum. Þannig er mun auðveldara að fylgja uppsveiflu með hærra hráefnisverði og launakostnaði en lækka hráefnisverð og laun þegar illa gengur.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur gegnt þessu tvíþætta hlutverki og unnið þannig að hann innheimtir afgang af útfluttum sjávarafurðum þegar verðið er hátt, en bætir upp verð afurðanna þegar verð er talið lágt. Í framkvæmd hefur sjóðurinn tekið mið af markaðsverðlagi afurða undangenginna þriggja ára og haft hliðsjón af afkomu viðkomandi framleiðslugreinar. Á þessum forsendum er svonefnt viðmiðunarverð ákveðið. Reynist það hærra eða lægra en markaðsverð á yfirstandandi framleiðslutímabili er greitt í eða úr sjóðnum með fyrir fram ákveðnu afgangshlutfalli af frávikinu. Þetta svonefnda afgangshlutfall hefur verið breytilegt 50–75% eftir tímabilum og afurðum, en oftast þó 50%. Yfirleitt hefur þó einnig verið ákveðið gjaldfrítt bil í kringum viðmiðunarverðið, oft 3–5%.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur nú starfað í 18 ár og verður nú stuttlega greint frá starfsemi hans á þessu tímabili. Í því sambandi er vitnað beint í skýrslu nefndar til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins, en hún var gefin út af sjávarútvegsráðuneytinu í október 1986. Mynd- og talnaefni í þeirri skýrslu nær til ársins 1985. Frá starfsemi sjóðsins síðar og stöðu hans í árslok 1987 er stuðst við upplýsingar úr ársskýrslum Seðlabankans og frá honum sjálfum.

Í skýrslu „sjóðanefndar sjávarútvegsins“ segir svo um starfsemina fram til ársloka 1985:

„Starfsemi sjóðsins spannar nú sextán almanaksár og verður hér á eftir greint í grófum dráttum frá starfsemi hans á þessu árabili. Talnayfirlitið í töflunum, sem fylgja, lýsir inn- og útgreiðslum sjóðsins og árlegum breytingum markaðsverðs helstu sjávarafurða sem lengst hafa verið á starfssviði hans, en það eru freðfiskur, óverkaður saltfiskur, loðnuafurðir, rækja og hörpudiskur. Áætlað meðalmarkaðsverð þessara afurða fyrir hvert ár er umreiknað í SDR á föstu verði miðað við meðalbreytingar á smásöluverði matvæla milli ára í SDR-löndum. Með þessum umreikningi er reynt að nálgast verðbreytingar afurðanna á raunvirði og jafnframt taka tillit til áhrifa gengisbreytinga milli bandaríkjadals og evrópskra mynta á afurðaverðið.


1. Freðfiskur.

Á mynd 1 er sýnt hlutfall inn- eða útgreiðslna Verðjöfnunarsjóðs af heildarverðmæti útflutningsframleiðslu freðfisks á ári hverju 1970–1985 (sjá einnig töflu 1). Ef um inngreiðslu er að ræða er hlutfall verðjöfnunar jákvætt og öfugt ef um útgreiðslu er að ræða. Eins og sjá má á mynd 1 eru greiðslur úr og í freðfiskdeild sjóðsins fram til ársins 1981, en þá stöðvast þær. Af myndinni að dæma virðist samsvörun milli verðjöfnunar og verðbreytinga freðfisks þegar á heildina er litið. Þó hefur komið fyrir að verðjöfnun og verðbreyting stangist á, þ.e. að greitt hafi verið úr sjóðnum á árum sem verðlag freðfiskafurða fór

hækkandi. Þetta gerðist árin 1972, 1976 og 1981, en því er við að bæta að árin 1972 og 1981 dróst freðfiskframleiðsla saman, sérstaklega fyrra árið. Öðru máli gegnir um árið 1976 því að það ár jókst freðfiskframleiðsla um 7% frá fyrra ári. Þessi ár virðist sjóðurinn ekki hafa gegnt hlutverki sínu sem skyldi.

Óhætt virðist að fullyrða að freðfiskdeild sjóðsins hafi jafnað tekjur milli ára á hverja framleidda einingu í frystihúsunum á fyrri helmingi áttunda áratugarins. Eftir það eru línurnar ekki eins skýrar. Ekki má gleyma tveimur mikilvægum atriðum í þessu sambandi. Annars vegar virðist sem verulega hafi dregið úr verðsveiflum á freðfiski á síðustu árum samanborið við fyrstu starfsár sjóðsins og hins vegar virðist freðfiskverð að meginstefnu hafa farið lækkandi á fyrri hluta níunda áratugarins. Við þessar aðstæður er varla við því að búast að sjóðurinn sé mjög virkur gagnvart freðfiski.

Mynd 1.



2. Óverkaður saltfiskur.

Mynd 2 lýsir starfsemi saltfiskdeildar. Óverkaður saltfiskur er eina afurðin innan starfssviðs sjóðsins þar sem greiðslur úr eða í sjóðinn verða öll starfsár hans. Fram til ársins 1977 var jafnt og þétt greitt í sjóðinn, en frá og með því ári hafa saltfiskframleiðendur fengið verðbætur úr sjóðnum hvert ár, en í mismiklum mæli og ekki alltaf í samræmi við sveiflur afurðaverðs eins og mynd 2 ber með sér.


Tilgangi saltfiskdeilda sjóðsins virðist hafa verið náð í meginatriðum fyrstu fimm starfsárin þótt segi megi að inngreiðslur væru tiltölulega litlar miðað við hækkun markaðsverðs. Á árunum 1975 og 1976 bregður hins vegar svo við að greitt er í sjóðinn um það bil sem markaðsverð byrjar að lækka. Skýringin á þessu er einkum sú að þegar verðið fór síhækkandi mörg ár í röð gat viðmiðunarverð með hliðsjón af markaðsverði þriggja undanfarinna ára orðið lægra en markaðsverð á líðandi ári þótt það verð væri að sínu leyti lægra en markaðsverð á næstliðnu ári. Á árunum 1979 og 1980 kom upp hið gagnstæða, þ.e. greitt var í sjóðinn þegar markaðsverð fór hækkandi. Hér veldur án efa að veruleg innstæða

hafði myndast í saltfiskdeildinni sem menn vildu njóta, ekki síst þar sem innlendir kostnaður fór mjög hækkandi á þessu tímabili og samkeppni milli greina um fisk og fólk var hörð.

Þegar á heildina er litið er ef til vill ekki unnt að meta með einhlítum hætti áhrif sjóðsins á afkomu saltfiskverkunar, en svo virðist sem starfsemi saltfiskdeildar hafi í meginatriðum þjónað tilgangi sjóðsins þótt frá því séu undantekningar.

Mynd 2.

Saltfiskur.




3. Rækja og hörpudiskur.

Myndir 3 og 4 sýna verðjöfnun og verðbreytingar fyrir rækju og hörpudisk. Hlutdeild þessara afurða í útflutningsframleiðslu sjávarafurða var rúmlega 1% við stofnun sjóðsins, en árið 1985 var þetta hlutfall nærri 10%. Þannig hefur mikilvægi þessara afurða stöðugt aukist síðustu fimmtán árin. Þess ber að geta að hörpudiskur var ekki tekinn inn í sjóðinn fyrr en 1978. Myndirnar sýna glögg að sjóðurinn hefur þjónað hlutverki sínu vel gagnvart þessum afurðum sem búa við einkar óstöðugt markaðsverð.


Mynd 3.

Rækja.



Mynd 4.


Hörpudiskur.




4. Loðnuafurðir.

Verð fyrir loðnuafurðir sveiflast mjög á heimsmarkaði. Sjóðnum hefur tekist að milda áhrif mestu sveiflnanna. Við ákvörðun viðmiðunarverðs virðast markaðsaðstæður hverju sinni hafa ráðið mestu. Verðjöfnun í mjöl- og lýsisframleiðslu virðist því í minna mæli hafa ráðist af afkomu og rekstrarfjárför en í botnfiskvinnslu. Ein helsta skýringin á þessu er án efa að útflutningsmarkaður fyrir freðfisk og saltfisk líkist meir markaði fyrir fullunnar vörur en hráefni, en verðlag á mjöli og lýsi er aftur á móti mjög háð þeim sveiflum sem verða á hráefnismarkaði í heiminum sem stjórnast af sýbreytilegu árferði og uppskeru.

Mynd 5.



Mynd 6.



5. Aðrar deildir.

Skreið kom fyrst inn í Verðjöfnunarsjóð árið 1976. Næstu ár á eftir er hvorki um inn- eða útgreiðslur að ræða, en árið 1981 er innheimt á ný í skreiðardeildina. Á næstu tveimur til þremur árum gengur mjög á innstæður deildarinnar, en þar kom til bæði töluvert verðfall og markaðserfiðleikar.

Saltsíld. Í kjölfar gengisfellingarinnar árið 1967 var tekin af saltsíldarframleiðendum í Gengismunasjóð fjárhæð sem síðar rann í þeirra deild í Verðjöfnunarsjóði. Hún stóð óhreyfð til ársins 1979 er greitt var úr sjóðnum. Engin greiðsla varð 1980, en 1981 var greitt á ný úr deildinni.

6. Nokkrar skýringar á talnaefninu.

Eins og sjá má af súluritunum á myndum 1–6 hefur sjóðurinn í meginatriðum starfað eins og tilgangur hans segir til um. Greitt hefur verið í sjóðinn þegar verð hefur farið hækkandi og úr sjóðnum í verðfalli. Ekki hefur verið greitt úr sjóðnum þegar peningar hafa ekki verið fyrir hendi í viðkomandi deild þó að tilefni væri til. Stundum hefur þó verið lánað milli deilda í stuttan tíma. Þá hefur sjóðurinn stundum verið notaður sem farvegur fyrir aðrar greiðslur, svo sem vegna skreiðar, en það kemur starfsemi sjóðsins harla lítið við og skiptir ekki máli um starfsemi hans.

Þegar súluritin eru skoðuð virðist í fljótu bragði að stundum hafi verið greitt úr sjóðnum þrátt fyrir hækkandi verð. Svo virðist t.d. hafa verið um freðfiskafurðir 1972, 1976 og 1981. Svo er þó ekki í reynd, nema hugsanlega 1976. En þetta stafar af verðbreytingum innan viðkomandi ára. Hér verða tölur hvers þessara ára skýrðar nokkuð:

Árið 1972.

Mjög ör verðhækkun varð á árunum 1970 og 1971, t.d. hækkaði þorsblokk úr 24,5 sentum í 46 sent og 5 punda þorskur hækkaði úr 35 sentum í 55 sent. Árið 1972 stöðvaðist þessi þróun að mestu leyti, en hráefni og laun héldu áfram að hækka. Það leiddi til þess að greitt var úr sjóðnum síðustu mánuði ársins.

Árið 1976.

Mikið verðfall varð á árunum 1974 og 1975 og var þá greitt úr sjóðnum. Þetta verðfall hélst fram á árið 1976. Þegar kom fram á árið hækkaði verð verulega. Þorsblokk var í ársbyrjun 70 sent, en 90 í árslok; fimm punda þorskur var 94 sent í ársbyrjun en 96 í árslok. Rétt er að taka það fram að blokk vó þyngra í heildarframleiðslunni á þessu ári en síðar varð. Ástæða hefði verið til að greiða úr sjóðnum fyrri helming ársins, en það var ekki gert, aftur á móti var greitt úr sjóðnum síðari hluta ársins þótt verð færi þá hækkandi. Hér var ef til vill um síðbúin viðbrögð að ræða.

Árið 1981.

Verðfall varð árið 1980. Þegar kom fram á árið 1981 fór verð hækkandi að nýju. Greitt var úr sjóðnum framan af ári, en því var hætt þegar verðið fór að rétta sig af. Fimm pundin, sem nú voru orðin veigamesti þáttur framleiðslunnar, hækkuðu úr 138 sentum í 157 sent frá ársbyrjun til ársloka. Blokk hækkaði hins vegar ekki og lækkaði raunar á tímabili.

Saltfiskur.

Það stingur í augu að greitt er í Verðjöfnunarsjóð af saltfiski árin 1975 og 1976 þrátt fyrir verðlækkun. Þetta stafar af því að verðlækkun á freðfiski árin 1974 og 1975 var meiri en verðlækkunin á saltfiski og varð því raunlækkun á hráefnisverði til allrar fiskvinnslu. Staða saltfiskverkunar var því góð þrátt fyrir greiðslu í sjóðinn. Þetta snerist alveg við á árunum 1979 og 1980, en þá var greitt úr sjóðnum þrátt fyrir hækkandi verð. Þetta hefur einmitt verið mikilvægt í starfsemi sjóðsins. Á þennan hátt var komið í veg fyrir það á árunum 1975 og 1976 að allt of mikill flótti yrði frá frystingu yfir í söltun, en það hefði getað leitt til enn meira verðfalls á saltfiski en í raun varð. Á sama hátt var hægt að halda uppi framleiðslu árin 1979 og 1980 enda þótt freðfiskframleiðslan stæði betur að vígi fram á árið 1980. Þetta verður því í samræmi við tilgang sjóðsins þegar tillit er tekið til afkomu greinarinnar.

Aðrar afurðir.

Eins og áður kemur fram getur verið gagnlegt að líta á freðfisk- og saltfiskframleiðsluna í samhengi vegna þess að þessar greinar vinna að miklu leyti sömu fisktegundir. Það verður til þess að hráefni getur ýmist hækkað eða lækkað af tilefni sem verður aðeins í annarri greininni. Það er því meðaltal beggja greinanna sem verður að skoða saman.

Þetta á ekki við um aðrar framleiðslugreinar. Rækja, humar og hörpudiskur fara nær eingöngu í frystingu, loðna fer svo til öll í mjölvinnslu. Þetta verður til þess að hægt er að skoða þessar greinar alveg óháð þróun annarra greina. Í þessum greinum er fylgnin milli verðlags og greiðslu úr eða í Verðjöfnunarsjóð mjög góð. Frávik eru sjaldgæf og skýrast að fullu af tvennu: Annars vegar af verðbreytingum innan árs, og hins vegar af því hvort fjármagn var til í sjóðnum á hverjum tíma.“ (Tilvitnun í nefndarálit sjóðanefndar lýkur.)

Eftir athugun á framangreindum upplýsingum um Verðjöfnunarsjóð var það álit meiri hluta „sjóðanefndarinnar“ að sjóðurinn hefði yfirleitt þjónað því hlutverki sem honum var ætlað að gegna og lagði nefndin til að sjóðurinn starfaði áfram.

Á árunum 1986 og 1987 jókst starfsemi Verðjöfnunarsjóðs mjög verulega. Til marks um það nam heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum 156,6 millj. kr. í árslok 1985, en 370,9 millj. kr. í árslok 1986 og er eignarstaða hans áætluð 1515 millj. kr. í árslok 1987.

Miklar verðhækkningar urðu á árinu 1986 á flestum tegundum sjávarafurða. Mestar hækkningar urðu þó á rækju og hörpudiski og var t.d. inngreiðsla í Verðjöfnunarsjóðinn sett á rækju í apríl, þá 5% af verðmæti. Þessi prósentu var tvívegis hækkuð á árinu í 15% í ágúst og 17,5% í október. Í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1986 segir að þetta muni vera með hæstu verðjöfnunarinneftu í 18 ára sögu sjóðsins. Jafnframt þessu var á árinu sett sams konar inngreiðsla á hörpudisk, 15%.

Í ársbyrjun 1987 var verðjöfnun á þessum afurðategundum: humri, rækju, hörpuskel og saltfiskafurðum. Fyrirframgreiðsla var áfram í gildi á hörpudisk og rækju. Á hinn bóginn féll verð á þessum afurðum gífurlega á seinni hluta ársins, einkum hörpudiski. Hefur þessi sveifla verið tekin sem dæmi um að sjóðurinn sé allt of þungur í vöfum. Greitt var inn í sjóðinn á sumarverðstímabilinu öllu fyrir rækju þegar þessi afurð var fallin í verði og enn eru ógreiddar úr sjóðnum líklega rúmlega 50 millj. kr. vegna verðfalls á hörpudiski á árinu 1987.

Samkvæmt upplýsingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins frá 10. febr. sl. er sjóðs- og eignastaða 31. des. sl. sem hér segir (í krónum):

Stofnfjárdeild	1 613 362
Freðfiskdeild	8 575 594
Loðnumjöl	575 996
Loðnulýsi	11 898 688
Óverkaður saltfiskur	179 058 260
Fiskimjöl	227 659
Rækja	390 314 700
Skreið	10 354 086
Humar	137 948 790
Saltsíld	564 771
Hörpudiskur	40 022 204
Verkaður saltfiskur	78 106
Spærlingur, kolmunni, mjöl	2 387 776
Skelrækja	0
Gámafiskur	224 891
Biðreikningur vegna söluskatts	232 000 000
Samtals	1 015 844 883

Raunveruleg eignastaða sjóðsins er nokkuð frábrugðin sjóðsstöðunni. Markast það af því að framleiðsluárið 1987 var ekki að fullu uppgert um áramót. Einnig á sjóðurinn inni hjá framleiðendum verulegar verðhækkunartekjur frá árinu 1986. Í lok desembermánaðar sl. ákvað stjórn Verðjöfnunarsjóðs að verðbæta hörpuskelsframleiðslu ársins 1987. Við þá aðgerð mun hörpuskelsdeildin því sem næst tæmast á næstu vikum. Á biðreikningi endurgreidds söluskatts var innstæða 232 millj. kr. um síðustu áramót. Stuttu eftir áramót kom í ljós að tollstjóraembættið hafði ofgreitt rúmlega 95 millj. kr. inn á þennan reikning. Rétt staða biðreiknings er því 136,8 millj. kr.

Áætluð eignastaða Verðjöfnunarsjóðs um áramótin 1987 til 1988 að teknu tilliti til óinnheimtrar verðjöfnunar frá 1986 og 1987 og ógreiddra verðbóta vegna hörpudisks frá 1987 er því þessi (í þús. kr.):

Stofnfjárdeild	1 500
Freðfiskdeild	150 000
Loðnumjöl	600
Loðnulýsi	12 000
Óverkaður saltfiskur	610 000
Fiskimjöl	200
Skreið	10 400
Rækja	450 000
Humar	140 000
Saltsíld	600
Hörpudiskur	7 000
Verkaður saltfiskur	100
Spærlingur, kolmunni, mjöl	2 400
Skelrækja	0
Gámafiskur	1 000
Biðreikningur vegna söluskatts	136 800
Samtals	1 515 100

Verðjöfnunarsjóður er varðveittur á SDR-reikningum við Seðlabanka Íslands og er því að fullu gengistryggður. Innstæður eru ávaxtaðar með millibankavöxtum í London (LIBOR), samvegnum eftir samsetningu SDR hverju sinni og að frádregnu 1/8%.

Engan þarf að undra þótt svo stórfelld og misjöfn sjóðsöfnun hjá einni atvinnugrein veki umtal og deilur, enda hafa málefni sjóðsins verið ofarlega á baugi hjá forráðamönnum í sjávarútvegi að undanfögnu. Þar hafa komið fram mörg gagnrýnisefni sem áður er lýst auk annarra, svo sem að ákvörðun viðmiðunarverðs taki ekki nægjanlegt mið af framleiðslukostnaði, einkum þegar gengisskráning verður sjávarútveginum sífellt óhagstæðari vegna meiri verðbólgu innan lands. Háværar raddir hafa komið fram og tillögur um afnám sjóðsins.

Með þessu frumvarpi er þó fyrst og fremst ætlunin að lagfæra mikinn galla á núgildandi kerfi sem verður djúpstæðari og augljósari þegar um svo mikla sjóðsöfnun er að ræða samfara miklum breytingum í sjávarútvegi. Breytingar eru að verða örari í stétt framleiðenda en áður a.m.k. í sumum greinum. Nýir framleiðendur fá jafnmikinn rétt til útgreiðslu, ef um verðlækkun er að ræða á afurðum, og þeir sem hafa greitt í sjóðinn árum saman. Staðreyndin er sú að hver og einn framleiðandi um sig lítur á inngreiðslu í sjóðinn sem tapað fé og útgreiðslu sem fundið. Væri verðjöfnunin aðskilin svo sem lagt er til í þessu frumvarpi breytast þessar aðstæður. Þá getur hvert fyrirtæki litið á inngreiðslur á sérreikning sem sinn varasjóð sem ganga má á þegar illa árar og þeir sem greitt hafa mest eiga þá styrkasta bakhjarlinn. Þetta kerfi dregur auk heldur ekki úr hvata til þess að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast hverju sinni eins og hætt er við að núverandi kerfi geri.

Sá misskilningur hefur komið upp að með breytingu á verðjöfnunarkerfi sjávarútvegsins, sem lagt er til að gerð verði samkvæmt þessu frumvarpi, sé verið að flytja fé frá útgerð og sjómönnum til fiskvinnslu. Um slíkt er ekki að ræða. Í núverandi verðmyndunarkerfi er hráefnisverð afleidd stærð af greiðslugetu vinnslunnar og er þá tekið mið af útgreiðslum eða inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóð. Nákvæmlega sama gildir þótt verðjöfnunin sé bundin við einstök fyrirtæki. Eini munurinn er sá að greiðslugeta fyrirtækjanna getur orðið mismunandi á útgreiðslutímabilum vegna þess að sá sem greitt hefur mest inn í sinn verðjöfnunarsjóð á mesta innstæðu til að ganga á. Segja má að líkur séu á því að með breyttu fyrirkomulagi greiðist meira inn í Verðjöfnunarsjóð eftir en áður og að hráefnisverð héldist fremur herra en hitt þegar til lengdar lætur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er verið að kveða á um hvaða aðilar taki ákvarðanir um verðjöfnun í einstökum greinum fiskvinnslunnar. Núverandi fyrirkomulagi er að mestu haldið óbreyttu utan þess að inn í ákvarðanir um verðjöfnun á skeldýrum annarra en humars koma nú fulltrúar Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir fyrirtækja til að stofna sérreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem innstæður þeirra í Verðjöfnunarsjóði eru ávaxtaðar. Þetta er því sú grein laganna sem breytir núverandi fyrirkomulagi og kveður á um að verðjöfnunin miðist við einstök fyrirtæki. Enn fremur er í greininni heimild til þeirra peningastofnana, sem ávaxta fjármunina, að lána þá út gengistryggt.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvernig fara skuli með innstæður í Verðjöfnunarsjóði þegar fyrirtæki lenda í greiðsluferfiðleikum. Hér er lagt til að innstæður þessar séu algerlega fyrir utan fyrirtækið nema við gjaldþrot, en þá renni þær í þrotabúið. Enn fremur er gert ráð fyrir því að framleiðandi fái fé úr sjóðnum 12 mánuðum eftir að hann hættir framleiðslu.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fái sömu skattameðferð og nú.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er verið að leiðrétta villur í núverandi lagatexta.

Um 8. gr.

Hér er felld niður heimild ráðherra til að stofna nýjar deildir þar sem það á ekki við lengur.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um hvað gert skuli við innstæður þær sem nú eru í Verðjöfnunarsjóði. Hugmyndin er sú að þessum innstæðum, sem myndast hafa vegna inngreiðslu framleiðenda, sé skipt upp á milli þeirra sem greitt hafa í sjóðinn síðan í ársbyrjun 1985. Þær upphæðir, sem nú eru í Verðjöfnunarsjóði, eiga samkvæmt þessu að mynda fyrstu innstæður á sérreikningum fyrirtækjanna og nýtast þannig sem stofn fyrir útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði þegar ástæða er til samkvæmt ákvörðunum stjórnar sjóðsins.

Sé framleiðandi alveg hættur rekstri er gert ráð fyrir að hann geti vitjað innstæðu sinnar innan árs.

Innstæður í sjóðnum vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti eiga hins vegar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að greiðast út eftir sömu reglum og hingað til.